

**Ferðaábyrgðasjóður**

**16 552**

**Ársreikningur 2024**

## Efnisyfirlit

|                                                        | Bls. |
|--------------------------------------------------------|------|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns .....                  | 2    |
| Yfirlit um afkomu ársins .....                         | 3    |
| Efnahagsreikningur .....                               | 4    |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                              | 5    |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ..... | 6    |
| Skýringar .....                                        | 7    |

**Ferðaábyrgðasjóður**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón**

**Ferðamálastofa**

**kt. 530169-4059**

**Geirsgata 9, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ferðaábyrgðastjóður er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs.

Markmið Ferðaábyrgðasjóðs er að draga úr neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á starfsemi skipuleggjenda eða smásala og tryggja hagsmuni neytenda. Með tilkomu sjóðsins var ferðaskrifstofum gert kleift að sækja um lán til að standa undir lögbundnum endurgreiðslum til neytenda vegna pakkaferða, sem annað hvort var aflýst eða voru afbókaðar, og koma áttu til framkvæmda á tímabilinu frá 12. mars til og með 30. september 2020.

Um ferðaábyrgðasjóð gildir bráðabirgðaákvæði laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 150/2018 sbr. lög 78/2020 sbr. reglugerð nr. 720/2020 um skilyrði fyrir tímabundnum lánveitingum Ferðaábyrgðasjóðs vegna COVID-19.

Í samræmi við breytingu á reglugerð 720/2020 er fyrsti gjalddagi lána úr Ferðaábyrgðasjóði nú 1. desember 2022.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 14 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 31,9 milljónir og afkoma kr. 55,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -872,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.255,4 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ferðaábyrgðasjóðs fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2024

|                                                      | Skýr | 2024                     | 2023                     |
|------------------------------------------------------|------|--------------------------|--------------------------|
| <b>Tekjur</b>                                        |      |                          |                          |
| Seld þjónusta .....                                  |      | 31.901.148               | 0                        |
| <b>Tekjur samtals</b>                                |      | <u>31.901.148</u>        | <u>0</u>                 |
| <b>Gjöld</b>                                         |      |                          |                          |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður ..... | 2    | 111.173                  | 0                        |
| Annar rekstrarkostnaður .....                        | 3    | 30.021.250               | 61.559.793               |
| <b>Gjöld samtals</b>                                 |      | <u>30.132.423</u>        | <u>61.559.793</u>        |
| <b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>                    |      | 1.768.725                | (61.559.793)             |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>            |      |                          |                          |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....       |      | 53.564.317               | 90.760.763               |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....             |      | (95.753)                 | 0                        |
|                                                      |      | <u>53.468.564</u>        | <u>90.760.763</u>        |
| <b>Afkoma ársins</b>                                 |      | <u><u>55.237.289</u></u> | <u><u>29.200.970</u></u> |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

|                                                     | Skýr | 31.12.2024           | 31.12.2023           |
|-----------------------------------------------------|------|----------------------|----------------------|
| <b>Eignir</b>                                       |      |                      |                      |
| Handbært fé .....                                   | 4    | 73.107.774           | 331.094.744          |
| Viðskiptakröfur .....                               |      | 1.500.000            | 0                    |
| Langtímakröfur .....                                | 6    | 1.180.760.570        | 1.562.358.497        |
| <b>Eignir samtals</b>                               |      | <u>1.255.368.344</u> | <u>1.893.453.241</u> |
| <b>Skuldir</b>                                      |      |                      |                      |
| Tengdir aðilar .....                                | 5    | 2.128.087.161        | 2.821.409.347        |
| <b>Skuldir samtals</b>                              |      | <u>2.128.087.161</u> | <u>2.821.409.347</u> |
| <b>Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals</b> |      | (872.718.817)        | (927.956.106)        |
| <b>Eigið fé</b>                                     | 7    |                      |                      |
| Hrein eign .....                                    |      | (872.718.817)        | (927.956.106)        |
| <b>Eigið fé samtals</b>                             |      | <u>(872.718.817)</u> | <u>(927.956.106)</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>                  |      | <u>1.255.368.344</u> | <u>1.893.453.241</u> |
| <b>Aðrar upplýsingar</b>                            | 8    |                      |                      |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

|                                                  | Skýr | 2024                 | 2023                 |
|--------------------------------------------------|------|----------------------|----------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                        |      |                      |                      |
| Hreint veltufé frá rekstri:                      |      |                      |                      |
| Afkoma ársins .....                              |      | 55.237.289           | 29.200.970           |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: |      |                      |                      |
| Óbein afskrift krafna .....                      | 6    | 0                    | 41.587.691           |
|                                                  |      | <u>55.237.289</u>    | <u>70.788.661</u>    |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:           |      |                      |                      |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....    |      | (1.500.000)          | 0                    |
| Tengdir aðilar .....                             |      | (693.322.186)        | 0                    |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:          |      |                      |                      |
| Skammtímaskuldir .....                           |      | 0                    | 0                    |
|                                                  |      | <u>(694.822.186)</u> | <u>0</u>             |
| <b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>    |      | <u>(639.584.897)</u> | <u>70.788.661</u>    |
| <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>                   |      |                      |                      |
| Veitt langtímalán .....                          |      | 381.597.927          | 287.701.623          |
|                                                  |      | <u>381.597.927</u>   | <u>287.701.623</u>   |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                    |      |                      |                      |
| Fjármögnunarlán frá ríkissjóði .....             |      | 0                    | (126.437.888)        |
|                                                  |      | <u>0</u>             | <u>(126.437.888)</u> |
| <b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>             |      | <u>(257.986.970)</u> | <u>232.052.396</u>   |
| Handbært fé í byrjun árs .....                   |      | 331.094.744          | 99.042.348           |
| <b>Handbært fé í árslok</b>                      |      | <u>73.107.774</u>    | <u>331.094.744</u>   |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

|                                                                      | Fjárveiting til<br>rekstrar | Samtals              |
|----------------------------------------------------------------------|-----------------------------|----------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024 .....       | 0                           | 0                    |
| Fjáraukalög .....                                                    | 0                           | 0                    |
| <b>Fjárveiting ársins .....</b>                                      | <b>0</b>                    | <b>0</b>             |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað) ..... | (927.956.106)               | (927.956.106)        |
| <b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>                     | <b>(927.956.106)</b>        | <b>(927.956.106)</b> |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....                       | 55.237.289                  | 55.237.289           |
| <b>Staða fjárveitinga í lok árs 2024 .....</b>                       | <b>(872.718.817)</b>        | <b>(872.718.817)</b> |
| Breytingar vegna árslokastöðu 2023 .....                             | 0                           | 0                    |
| <b>Staða fjárveitinga í lok árs 2024 .....</b>                       | <b>(872.718.817)</b>        | <b>(872.718.817)</b> |

IR

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

|                                                                              | 2024                 | 2023                 |
|------------------------------------------------------------------------------|----------------------|----------------------|
| <b>2 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>                      |                      |                      |
| Starfsmannakostnaður .....                                                   | 111.173              | 0                    |
|                                                                              | <u>111.173</u>       | <u>0</u>             |
| Meðalfjöldi stöðugilda .....                                                 | 0,0                  | 0,0                  |
|                                                                              | <b>2024</b>          | <b>2023</b>          |
| <b>3 Annar rekstrarkostnaður</b>                                             |                      |                      |
| Sérfræðipjónusta .....                                                       | 17.065.508           | 0                    |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....                             | 12.700               | 0                    |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta                    | <u>17.078.208</u>    | <u>0</u>             |
| Opinber gjöld .....                                                          | 12.943.042           | 19.972.102           |
| Tapaðar kröfur .....                                                         | 0                    | 41.587.691           |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.                 | <u>12.943.042</u>    | <u>61.559.793</u>    |
| Annar rekstrarkostnaður samtals                                              | <u>30.021.250</u>    | <u>61.559.793</u>    |
|                                                                              | <b>31.12.2024</b>    | <b>31.12.2023</b>    |
| <b>4 Handbært fé</b>                                                         |                      |                      |
| Tékkareikningar .....                                                        | 73.107.774           | 331.094.744          |
|                                                                              | <u>73.107.774</u>    | <u>331.094.744</u>   |
|                                                                              | <b>31.12.2024</b>    | <b>31.12.2023</b>    |
| <b>5 Tengdir aðilar</b>                                                      |                      |                      |
| Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila. |                      |                      |
| <i>Skuldir við tengda aðila:</i>                                             |                      |                      |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....                                      | 2.128.087.161        | 2.821.409.347        |
|                                                                              | <u>2.128.087.161</u> | <u>2.821.409.347</u> |
| <b>6 Langtímakröfur</b>                                                      |                      |                      |
|                                                                              | <b>31.12.2024</b>    | <b>31.12.2023</b>    |
| Veitt löng lán, innlend, ógengisbundin .....                                 | 2.388.642.045        | 2.770.239.972        |
| Afskriftasjóður, óbein afskrift langtímakrafna .....                         | (1.207.881.475)      | (1.207.881.475)      |
|                                                                              | <u>1.180.760.570</u> | <u>1.562.358.497</u> |
| <b>7 Eigið fé</b>                                                            |                      |                      |
| Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;                                 |                      |                      |
|                                                                              | <b>31.12.2024</b>    | <b>31.12.2023</b>    |
| <b>Hrein eign</b>                                                            |                      |                      |
| Jöfnuður 1.1. ....                                                           | (927.956.106)        | (957.157.076)        |
| Afkoma ársins .....                                                          | 55.237.289           | 29.200.970           |
| Jöfnuður 31.12. ....                                                         | <u>(872.718.817)</u> | <u>(927.956.106)</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

### 8 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gert skuldbindandi samninga

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum í árslok 2024.

#### *Veittar ábyrgðir*

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.